

Opið bréf til starfsfólks Vökudeildar

Þessar línur eru skrifaðar frá hjörtum tveggja foreldra til lækna og hjúkrunafólks á Vökudeild, Barnaspítala Hringins og Landspítala háskólasjúkrahúss. Þetta er skrifað þegar við erum búin að vera heima með drengina okkar í nokkrar vikur.

Að verða foreldri er stórkostlegt og á sama augnabliki og maður lítur barn sitt augum þá er það fullkomið hvort sem um fullburða barn er að ræða eða fyrirbura. Væntumþykjan og ástin er algjör og á sama augnabliki kemur kvíði yfir því hvort að allt muni fara vel. Í okkar tilfalli er um fyrirbura (tvíbura) að ræða þar sem upp kom vandamál á meðgöngu og ekki annað hægt en að sækja þá eftir 28 vikna meðgöngu.

Í 26 viku varð vart við þrengingu í naflastreng hjá öðrum drengnum og við tók daglegt eftirlit í 16 daga þar sem 2 sérfræðilæknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmóðir fylgdust með gangi mála. Rétt er að taka það fram að annar sérfræðilæknirinn var að hluta til af þessum tíma í sumarfríi en gerði sér ferðir á spítalann til þess að fylgjast með börnunum. Þegar ekki var hægt að bíða lengur sökum erfiðleika á flæði í naflastreng og vaxtarskerðingu hjá öðrum drengnum voru þeir sóttir með Keisaraskurði. Fæðingarvigtin hjá þeim stærri var 1.040 gr, rétt rúmar 4 merkur og sá minni var 660 gr eða innan við 3 merkur. Til þess að búa okkur undir það sem í vændum var hafði okkur verið boðið að skoða Vökudeild. Í tvígang varð að fresta komu okkar vegna anna á Vökudeildinni. Í beinu framhaldi hittum við sérfræðilækni frá Vökudeild sem útskýrði fyrir okkur við hverju mætti búast, enginn veit þó hvað verður hjá hverju barni fyrir sig. Læknirinn benti á að fyrstu dagana gæti ástandið orðið tvísýnt hjá stærri drengnum þar sem hann hefði haft það svo gott í móðurkviði en sá minni ekki eins gott og því vanur að berjast svo líklega myndi hann halda því áfram. Einnig var okkur sagt að lífsvilji hjá hverju barni fyrir sig spilaði stórt hlutverk. Það fór nákvæmlega eins og hann hafði sagt og á þriðja degi var stærri drengurinn í lífshættu þar sem gat kom á lunga og það fallið saman, drengurinn var settur í öndunarvél og ástandið varð lífshættulegt, það hélst þannig um tíma.

Okkur var sagt að næstu vikur yrðu ein rússibanareid og það kom í ljós að það var eiginlega vægt til orða tekið. Það sem við áttum í vændum er erfitt að setja í orð. Á hverjum degi fyrstu vikunnar komu upp vandamál hjá báðum drengjunum og þegar við fórum heim að kvöldi spurðum við okkar alltaf hvað gerist í nótt og hvað biði manns að morgni. Að fá símtal síðla nætur þar sem við erum beðin um að koma þar sem ástandið er svo alvarlegt að það geti farið á hvorn veginn sem er og næstu vikur geta lítið annað gert en að snerta litla drenginn nánast hreyfingarlausann í öndunarvél í gegnum hitakassa er erfið reynsla. Nokkrum sinnum þurftu þeir báðir að vera í öndunarvélum og þegar öðrum drengnum gekk vel þá var bróðir hans veikur og svo öfugt. Við glöðumst yfir því þegar vel gekk hjá öðrum þeirra en horfðum bjargarlaus á þann sem veikari var. Báðir voru þeir í lífshættu vegna sýkinga en þekking og færni sérfræðilækna og hjúkrunarfólks komu þeim í gegnum veikindi sín með frábæri ummönnun, lyfjagjöfum og aðgerðum.

Sérfræðilæknar og hjúkrunarfólk á Vökudeild er einstakt fólk, elskulegt og aldrei annað hægt að sjá en að það vinni vinnuna sína af fagmennsku og væntumþykju í garð barna og foreldra sem eru á Vökudeild. Við vorum alls á Vökudeild í fjóra mánuði og á þeim tíma var gríðarlegt álag á starfsfólki. Ítrekað heyrðum við þar sem hringt var í starfsfólk í sumarfríi þar sem það var beðið að koma að vinna og taka aukavaktir sem það gerði. Við vitum einnig um nokkuð mörg dæmi þar sem starfsfólk hringdi í vinnuna til þess að athuga hvernig börnin hefðu það þegar það var í fríi.

Eftir að heim var komið höfum við í nokkrar vikur farið með drengina okkar í reglubundið eftirlit til hjúkrunarfólks og sérfræðilækna á barnspítala Hringins og verður að segjast að það er sama fagmennskan eins og á Vökudeild enda að stórum hluta sama starfsfólk.

Í umræðu síðustu mánuða hefur því verið haldið fram að spítalinn hafi verið að bruðla og fjárveitingar séu löngu búnar, þar með er verið að segja að starfsfólk spítalana séu ekki að vinna vinnuna sína. Að vera með eitt barn á gjörgæslu í margar vikur kostar miklu meira en fólk gerir sér grein fyrir, hver sprauta, grisja, peli, nál, slanga og fleira er einungis notað einu sinni öryggisins vegna. Þar fyrir utan allar þær blóðprufur og tæki sem halda barninu á lífi. Ummönnun fyrir eitt barn á gjörgæslu 24 tíma sólarhrings kostar 3 sérfræðilækna, lækna og hjúkrunafræðinga. Þetta er jú gjörgæsla.

Tilhugsunin um spítala án lækna sem gæti þó alls verið líklegt ef ekki fást þeir til þess að starfa hér á landi er óhugsandi. Sjái ráðamenn ekki hversu mikilvægt það er að hafa gott heilbrigðiskerfi er landið illa statt. Þess ber að geta að ákveðnir þingmenn, ráðherrar og börn þeirra hafa notið þessarar þjónustu sem spítali og læknar bjóða uppá og hafa fengið lækningu meina sinna en eins og máltækið segir. Gleymt er þegar gleymt er.

Án Vökudeildar og starfsfólks hennar væru drengirnir okkar ekki á lífi og ekki bara okkar heldur mörg önnur börn sem hafa þurft á þessari ummönnun að halda, barna sem eru á lífi í dag. Vegna þessa starfsfólks eigum við í dag tvo heilbrigða drengi sem við erum óendanlega þakklát fyrir. Spítali og starfsfólk þið verðið ávallt geymd í hjörtum okkar og ekki gleymd, kærar þakkir til ykkar allra.

Sigríður Oddný Hrólfsdóttir

Einar Páll Garðarsson